

## Reglugjörð

fyrir Vesturísafjardarsýslu um lækning hunda af bandormum o. fl.

### 1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skulu 6 menn, er sýslunefndin til þess kýs, hafa á hendi lækning hunda af bandormum, og hafa eptirlit með því, að fylgt sje fyrirmælum 5. greinar í lögum nr. 18, 22. maí 1890.

### 2. gr.

Haust og vor ár hvert, í mánuðunum marz—apríl og október, skal lækning fram fara á öllum hundum í sýslunni. Lækningamenn í hverjum hreppi skulu tiltaka á hvaða degi og hvar í hreppnum lækning á fram að fara, og tilkynna hundaeigendum það fyrir fram með viku fyrirvara. Skylt er eigendum hundanna að flytja þá á lækningastaðinn endurgjaldslaust, og taka þá þaðan aptur að lokinni lækningu.

### 3. gr.

Heimilt er lækningamönnum að skipta hreppnum í svo margar deildir, sem þörf er á, er hver hafi sinn lækningamann úr þeirra hóp, og sinn lækningastað.

### 4. gr.

Hverjum hundi skal gefa hæfilegan skamt af arekaduþi eða kamala, og skulu lækningamenn, að því er snertir inngjöfina, meðferð á hundunum á undan inngjöfinni og meðan meðalið er að verka, svo og hreinsun á eptir, haga sjer nákvæmlega eptir fyrirsögn þeirri um inngjöf meðalanna, sem látin verður fylgja samþykkt þessari.

### 5. gr.

Verði vart við bandorma í einstökum hundum milli lækningatíma, skal eigandi þegar tilkynna það lækningamönnum, og gjöra þeir þá rádstafanir til að lækna þá svo fljótt sem unnt er. En eigi verða þeir hundar fyrir það undanþegnir lækningum á hinum fyrirskipuðu tímum.

### 6. gr.

Nú valda forföll, að hundur kom eigi til lækninga, og skal þá húsbóndi hans, svo fljótt sem hann getur á eptir, færa hann lækningamönnum, en álitast ella hafa skotið honum undan lækningu, sbr. 11. gr.

### 7. gr.

Alla hunda skal einkenna með leðurbandi um háls, er á sje letr- að nafn eiganda og heimili, og skulu lækningamenn gæta þess vandlega, að ekki sje út af þessu brugðið. Ómerktir hundar og hundar, sem enginn eigandi finnst að, skulu lækningamenn annast um að sjeu þegar drepnir.

### 8. gr.

Lækningamenn skulu hafa bók, sem sýslumaður útvegar á kostn- að sýslusjóðs og löggildir. Skulu þeir á ári hverju rita í hana skrá yfir alla hundaeigendur í hreppnum og tölu þeirra hunda, er þeir hafa haft til lækninga frá einhverjum einum. Fyrir hver árslok skulu þeir senda sýslunefndinni skýrslu, samhljóða bókinni.

Sýslusjóður borgar öll meðöl, en lækningamenn annast kaup á á þeim; svo skal og af sýslusjóði borga lækningamönnum 50 aura fyrir lækningu á hverjum hundi, sem meðölin hafa verkað á, og 1 kr. fyrir hvern hund, sem drepinn er samkvæmt 7. gr., allt samkvæmt reikningi, sem sýslunefndin úrskurðar.

Á hverju hreppaskilabingi skulu lækningamenn brýna fyrir hrepps-  
búum, að taka alla þá sulli, sem finnast í slátruðu sauðfje, og brenna þá  
eða grafa þá djúpt í jörðu, einnig að grafa hausa af höfuðsóttarkindum. Sömu-  
leiðis skulu þeir áminna menn um, að umgangast hunda mjög varlega, og hafa  
sterka gæzlu á því, að þeir nái ekki í matar- eða vatnsilát, nje að þeir fái að  
liggja í rúmum manna. Börnum skal ekki leyft að leika sjer að hundum.

(Niðurl.).

#### Embættaskipun og lausn frá embætti.

13. apríl var sýslumanni í Þingeyjarsýslu *Benedikt Sveinssyni* samkvæmt beiðni hans veitt lausn í náð frá tjeðu embætti, með eptirlaunum eptir eptirlaunalögnum.

S. d. var settur sýslumaður í Húnavatnssýslu *cand. juris Jóhannes Jóhannesson* allramildilegast skipaður *sýslumaður í Norður múlasýslu og bæjarfógeti á Seyðisfirði*, frá 1. júlí 1897 að telja.

30. s. m. var *læknaskólakandidat Jón Jónsson* settur af landshöfðingja til þess að þjóna *hjeraðslæknisembættinu í 13. læknahjeraði*, frá 1. maí 1897 að telja.

4. maí var *prestaskólakandidat Páli Hjaltalin Jónssyni* af landshöfðingja veitt *Fjallaþing* í Norðurþingeyjarprófastsdæmi frá fardögum 1897 að telja.

#### Óveitt embætti,

er ráðgjafinn fyrir Ísland annast um veiting á.

1. *Sýslumannsembættið í Húnavatnssýslu*. Árslau 3500 kr.

2. *Sýslumannsembættið í Þingeyjarsýslu*. Árslau 3500 kr.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þessi, verða þeir samkvæmt konungsbrjefi 8. apríl 1844 og konungsráðgjafnum 27. maí 1857 og 8. febr. 1863, að láta bónarbrjefum sínum fylgja fullnægjandi skilríki fyrir því að þeir kunní íslenzka tungu.

Auglýst 20. apríl 1897.

Umsóknarfrestur til 22. júlí 1897.

#### Styrkur handa aukalækni.

6. maí var *læknaskólakandidat Oddi Jónssyni* veittur styrkur fyrir 1 ár frá 1. júní 1897 að telja sem *aukalækni í Eyjahreppi og Múla- og Gufudalshreppum* í Barðastrandar-  
sýslu.

## 11. gr.

68

Vanræki lækningamenn að hlýða þessari reglugjörð og reglum þeim, er um ræðir í 4. gr., eða sje hundi skotið undan lækningu af ásettu ráði eða hirðuleysi, eða sje lækningamönnum sýnd óhlýðni eða móttþrói, varðar það sektum, 1—10 kr., eptir málavöxtum. Sektirnar renna í sýslusjóð.

\* \* \*

Reglugjörð þessi er samkvæmt 6. gr. laga nr. 18, 22. maí 1890 samin og sett af sýslunefnd Vesturísafjarðarsýslu á aðalfundi hennar 5.—6. þ. m., og öðlast gildi þegar í stað.

Skrifstofu Ísafjarðarsýslu 12. apríl 1897.

*H. Hafstein.*

### Fyrirsögn um inngjöf meðalanna.

Hundarnir skulu lokaðir inni í úthýsi, og bundnir, þó eigi í heyhloðum nje fjárhúsum. Af kamala er hverjum hundi gefið inn allt að  $\frac{1}{2}$  lóði, úthrært í vatni eða mjólk, tvisvar með 12 tíma millibili. Þann tíma mega hundarnir einskis neyta. Sje arekaduþt við haft, á að loka hundinn inni í sólarhring, og má hann alls engan mat eða drykk fá á meðan; síðan skal gefa hundinum inn 5 grömm af duptinu, hrærðu út í graut, slátri eða mjólk. Vanalega fær hundurinn klýju á eptir, en það verður að reyna að koma í veg fyrir, að hann selji upp fyrsta hálfan klukkutímann á eptir, með því að hafa af fyrir honum, vekja hug hans á einhverju, láta vel að honum, eða, ef það ekki dugar, gjöra hann sneyptan o. s. frv. Eptir  $\frac{1}{2}$ —3 kl.tíma gengur ormurinn niður af hundinum. Þegar hundarnir hafa verið í varðhaldi 24 tíma, eða, ef arekaduþt er við haft, 27 tíma, og meðalið hefir verkað, skulu þeir baðaðir í sjó, keitu eða fjárbaði, og síðan skal þeim sleppt. — Hús það, er hundarnir hafa verið geymdir í, skal vandlega hreinsað, og allur saur úr þeim brenndur eða grafinn að minnsta kosti 2 álnir niður í jörð, og vandlega hulið yfir.

69

## Reglugjörð

fyrir Nordurísafjarðarsýslu um lækning hunda af bandormum o. fl.

## 1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skulu 2—6 menn, er sýslunefndin til þess kýs, hafa á hendi lækning hunda af bandormum, og hafa eptirlit með því, að fylgt sje fyrirmælum 5. greinar í lögum nr. 18, 22. maí 1890.

## 2. gr.

Haust og vor ár hvert, í mánuðunum apríl—maí og október—nóvember skal lækning fram fara á öllum hundum í sýslunni. Lækningamenn í hverjum hreppi skulu tiltaka á hvaða degi og hvar í hreppnum lækning á fram að fara, og tilkynna hundaeigendum það fyrir fram með viku fyrirvara. Skyllt er eigendum hundanna að flytja þá á lækningastaðinn endurgjaldslaust, og taka þá þaðan aptur að lokinni lækningu.